

**207. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,
þriðjudaginn 4. júlí 2023 og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Aníta Eir Einarsdóttir aðalmaður, Hildigunnur Árnadóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Árnadóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2209259 - Stefnumótun Akraneskaupstaðar

Heildarstefna ásamt innleiðingaráætlun lögð fram til kynningar.

Stefnumótunarvinnan hefur staðið yfir frá því í desember 2022 og lauk í maí 2022. Stofnaður var stýrihópur skipaður kjörnum fulltrúum ásamt starfsfólk Akraneskaupstaðar, sem stóð að vinnunni, með aðstoð KPMG.

Valdís Eyjólfssdóttir verkefnastjóri kom fyrir velferðar- og mannréttindaráð og kynnti drög að heildarstefnu Akraneskaupstaðar ásamt innleiðingaráætlun fyrir tímabilið 2023-2030.

Ráðið þakkar Valdísi góða yfirferð og lýsir yfir ánægju sinni með stefnuáherslur og aðgerðir á grundvelli hennar.

**2. 2303217 - Brú hses - Stofnframlag vegna sex íbúða kjarna 2023
(Tjarnarskógar 15)**

2303217 - Brú hses - Stofnframlag vegna sex íbúða kjarna 2023 (Tjarnarskógar 15) lagt fram til umræðu. Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi Akraneskaupstaðar situr fundinn undir þessum lið.

Fyrir liggur úthlutun byggingarlóðarinnar Tjarnarskógar 15 vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á íbúðakjarna fyrir fólk með fötlun. Til skoðunar hefur verið hvort rétt sé uppbyggingin fari fram á annari hentugri lóð.

Bæjarráð vístar málínun til umfjöllunar í velferðar- og mannréttindaráði og skipulags- og umhverfisráði. Málið komi að nýju til bæjarráðs þann 29. júní nk.

Velferðar- og mannréttindaráð þakkar Höllu Mörtu Árnadóttur fyrir upplýsandi yfirferð um málið. Þar sem breytingin hefur ekki teljandi áhrif á tímalínu verkefnisins og staðsetning lóðar er sambærileg og jafnvel betri en fyrri lóð, samþykkir velferðar- og mannréttindaráð að íbúðakjarni verði færður að Skógarlundi 40.

Að öðru leyti er málínun vísað til bæjarráðs.

3. 2209282 - Samræmd móttaka flóttafólks

KHS

Mál lagt fram vegna beiðni um viðbótarstöðugildi. Samkvæmt reiknilíkani ráðuneytisins er sá fjöldi flóttafólks sem er í þjónustu hjá Akraneskaupstað þess eðlis að gert er ráð fyrir 1,42 stöðugildum, en ráðuneytið mætir kostnaði vegna þess og hefur nú þegar endurgreitt Akraneskaupstað vegna tímabilsins 1.nóv 2022-31.03.2023.

Velferðar- og mannréttindaráð fjallar um framlagða beiðni og felur sviðsstjóra að ráðstafa fjármagni vegna stöðugilda, sem fylgir verkefninu, á þann háttinn að það mæti sem best þjónustunni.

4. 2306135 - Neyðargisting í gistiskýlum Reykjavíkurborgar

Drög að samningi um greiðslu gistenáttagjalds í neyðarskýlum Reykjavíkurborgar fyrir heimilislaust fólk lögð fram til ákvörðunartöku.

Fyrir liggur að samningurinn felur ekki í sér viðbótarkostnað umfram gistenáttagjaldið sem Akraneskaupstaður þarf nú þegar að greiða. Undirritun samningsins tryggir hins vegar íbúum með lögheimili á Akranesi næturpláss í skýlunum ólíkt því fyrirkomulagi sem er í dag.

Velferðar- og mannréttindaráð fjallar um efnistök og þýðingu samnings við Reykjavíkurborg vegna neyðargistinga í gistiskýlum Reykjavíkurborgar.

Ráðið leggur til við bæjarráð að samningurinn verði undirritaður, með þeim fyrirvara að samningurinn verði endurskoðaður að 12 mánuðum liðnum.

Samþykkt 2:1, EB greiðir atkvæði á móti.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:30.

Kristján H. Sveinsson
Anita Ríður Þórhallsdóttir
Einar Braudsson

Hildur Anna
Sæmundur Kristjánsson